

**Sp.**

**61. Tillaga til þingsályktunar**

[55. mál]

um jöfnun upphitunarkostnaðar í skólum.

Flm.: Egill Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna og gera tillögur um með hvaða hætti hagkvæmast sé að koma á jöfnuði í orkukostnaði til upphitunar í þeim skólum sem sveitarfélög annast rekstur á.

**Greinargerð.**

Með breytingum á lögum um skólakostnað frá árinu 1967 var kostnaður vegna upphitunar í skólum færður að öllu leyti til sveitarfélaganna, en áður hafði þeim kostnaði verið deilt að jöfnu milli ríkis og sveitarfélaga.

Til grundvallar að skiptingu á skólakostnaði var miðað við óbreytt greiðsluhlutfall milli ríkisins og sveitarfélaganna, en skýrari mörk sett um gjaldaliði hvors aðilans um sig.

Þessi breyting fól þó í sér visst ósamræmi í rekstri skólanna innbyrðis, m. a. vegna mismunar á verði þeirrar orku, sem notuð var við upphitun skólahúsnaðis. Þegar orkukreppan margumtalaða skall svo á og verð á olíu margfaldaðist, varð upphitun á skólahúsnaði með olíu tilfinnanlegur rekstrarliður. Sérstaklega varð þessi þróun mála óhagstæð fyrir heimavistarskólana, sem af augljósum ástæðum þurfa á miklu húsrými að halda.

Markmið í þessum málum hlýtur að miðast við að breyta upphitun skólanna þannig, að þar sem heitt vatn er ekki til staðar verði rafmagn tekið til notkunar, þegar næg raforka er fyrir hendi, og verð hennar þá fært til samræmis við verð á heitu vatni til sambærilegra nota.

Á síðari árum hefur átt sér stað mikil uppbygging skólahúsnaðis víðs vegar um landið, auk annarra félagslegra framkvæmda, svo sem heilsugæslustöðva, sem sveitarfélög hafa sameinast um. Í þessum stofnunum, bæði er varðar uppbyggingu og rekstur, hefur bundist mikið fjármagn og umtalsverður tilflutningur þess milli sveitarfélaga átt sér stað.

Með tillögu þessari er lagt til, að könnun verði gerð á kostnaði við upphitun skólahúsnaðis í landinu, og í framhaldi af því, að þessi kostnaðarliður í rekstri skólanna verði jafnaður.

Augljóst er að hér er mikil þörf úrbóta. Fyrir því er þessi tillaga til þingsályktunar flutt.